

**143. löggjafarþing 2013–2014.**  
**Þingskjal 966 — 459. mál.**

## Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Bjarkeyju Gunnarsdóttur um skuldir heimilanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hversu háar voru heildarskuldir íslenskra heimila 1. maí 2013 annars vegar og 1. mars 2014 hins vegar? Hve stór hluti skuldanna var vegna fasteignakaupa?*

Seðlabanki Íslands veitti ráðuneytinu tölur um skuldir heimilanna að nafnvirði sem birtar eru opinberlega ársfjórðungslega.

Eftirfarandi tafla sýnir annars vegar heildarskuldir heimilanna og hins vegar skuldir með veði í íbúðarhúsnæði í samræmi við þær tölur sem ráðuneytinu bárust frá Seðlabankanum. Tekið skal fram að ekki eru allar veðskuldir vegna íbúðakaupa. Upplýsingar um það er einungis að finna í skattframtölum og þá einu sinni á ári.

	31.12.2012	31.3.2013	30.6.2013	30.9.2013
Skuldir heimila í milljörðum kr.	1.904	1.900	1.905	1.910
– þar af með veði í íbúð	1.374	1.380	1.373	1.377
Hlutdeild veðskulda af heildarskuldum	72%	73%	72%	72%